



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 23. Apríl 2024

Fundur hófst: 20:05

Fundi slitið: 21:50

**Fundinn sátu:** Markús Elvar Pétursson, Gabríel Arthúr Pétursson, Freydís Björnsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Þóra Z Þórðardóttir, Helga Veronica Foldar, Tómas Viderö og Rán Pétursdóttir.  
Fundargerð ritaði: Rán

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir

- a. Fundargerðir frá 9. Apríl samþykkt.

#### 2. Árabátar

- a. Enn fastir í tollinum og ólíklegt að þeir komi út fyrir sumardaginn fyrsta en verða komnir í fyrir 6. Bekkja heimsóknir

#### 3. Kynningamál

- a. Þrífrot komin í prentun
- b. Dögg hjá Webdew er kominn inn á sailing.is
- c. Rán er í sambandi við Guðna hjá Fjarðarfréttum en það er samþykkt að Þytur taki hálf síðu í sérblaði um sumarnámskeið fyrir börn í Hafnarfirði en blaðið fer í prentun í næstu viku.
- d. Plaköt ekki komin af stað en samþykkt að útbúa þau og fá að setja þau upp á stöðum þar sem það fær að hanga. Rán er með þetta mál.

#### 4. Sumardagurinn fyrsti

- a. Auglýsa vel á grúbbunum og kalla eftir mannskap þar sem veðurspáin er góð og þá kemur margmenni.
- b. Opna húsið er auglýst á viðburði Hafnarfjarðar fyrir sumardaginn fyrsta.
- c. Við auglýsum á okkar samfélagsmiðlum og á vefsíðunni okkar.
- d. 17. Júní – samþykkt sama program og í fyrra, lánnum Hafnarfirði báta upp á læk og einn mann en erum með opið hún og starf í gangi í Þyt einnig.

#### 5. Þjálfaranámskeið og starfsmannanámskeiðin

- a. 10 krakkar frá Þyt fara á þjálfaranámskeið og þegar hefur verið samþykkt að Þytur greiði fyrir það.
- b. Starfsmennirnir sem vinna hjá okkur á sumrin þurfa að vera fyrirmyndir fyrir krakkana sem sækja námskeiðin. Það þarf því að leggja línurnar mjög vel fyrir sumarið og passa að reglur séu skýrar. Helga er með hugmynd um að vera með skriflegan samning við krakkana áður en námskeiðin hefjast og þura leggur til að fá þau að borðinu við gerð samningsins þannig að hugmyndirnar komi frá þeim.
- c. Hugmynd um partí í enda sumars hjá starfsmönnum ef námskeiðin ganga vel og að fá þau að borðinu til að semja reglurnar.



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Þyts

- d. Markús er enn að bíða eftir því að fá sendan texta frá Bergþóri hjá Hafnarfjarðarbæ vegna texta fyrir þjálfara

### 6. Bekkjarheimsóknir

- a. 15 bekkir búnir að bóka sirka 6 sem eiga eftir að bóka – Rán ýtir á eftir því.
- b. Þar sem bekkir eru misstórir milli skóla þarf að að muna að skrifja í skýrslu til Vigfúsar um að það fari best með undir 20 manna hópa í heimsóknunum.

### 7. Þjálfaramálin og aðstaðan fyrir þau

- a. Búið að kaupa gardínur, rúm, sængur og kodda.
- b. Flytja þarf rúmið til Þyts.
- c. Pípari búinn og rafvirki kemur á morgun .
- d. Það á eftir að sparsla og mála.
- e. Plan B að geti gist annars staðar þar til að aðstaða þeirra er tilbúin þar sem stutt er í komu þeirra.

### 8. Rukkun fjölskyldugjaldsins, rafmagns og aðstöðugjalds.

- a. Helga Veronica þarf að rukka fjölskyldugjaldið.
- b. Markús þarf að lesa á mælana fyrir rafmagnið.

### 9. Önnur mál

- a. Rúm og ísskápur fyrir þjálfara rædd áfram.
- b. Fjöldkyldu- og menntasvið sendi póst á Þyt um að fá að koma til okkar kl. 15:00 þann 16. Maí og fara út á báta.
- c. Rán vakti athygli á því að bæta þarf við kayak kost klúbbsins til að viðhalda því starfi. Eins og staðan er núna eru Valley bátarnir 2 sem klúbburinn á bestu bátarnir fyrir lengra komna en eigum góða byrjendabáta. Það væri gott að geta fest kaup á betri sjókeyökum. Markús benti á að mesta vöntunin fyrir opnu húsin eru 2 manna sit on top bátar og að kerra fyrir kayak myndi nýtast vel til að besta kayak starfið.